

Málskostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 2.550.00.
Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.
Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 1. nóvember sl.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Orkustofnunar, Laugavegi 116, Reykjavík, greiði stefnanda, Málmækni s/f, Vagnhöfða 29, Reykjavík, kr. 6.639.32 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1978 til greiðsludags og kr. 2.550.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. mars 1983.

Nr. 141/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Eiríki Erni Stefánssyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 28. maí 1982. Ágrip barst Hæstarétti 6. desember 1982.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakfellingu og sakarkostnað, en þess er jafnframt krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds í málinu, en til vara, að ákærða verði dæmd vægasta refsing, sem lög heimila. Þá er þess krafist, að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun verjanda.

Samkvæmt gögnum málsins voru brot þau, er greinir í I. lið ákæru, framin í lok júnímánaðar eða í byrjun júlímánaðar 1980.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um sakfellingu og færslu brota til refsíákvæða. Þá þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, þó svo, að vararefsing fésektar verði 10 daga varðhald.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vararefsing fésektar verði 10 daga varðhald.

Ákærði, Eiríkur Örn Stefánsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. febrúar 1982.

Ár 1982, mánudaginn 15. febrúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Guðjóni St. Marteinsyni fulltrúa við undirritaða votta að Hverfisgötu 113, Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 902/1982: Ákæruvaldið gegn Eiríki Erni Stefánssyni.

Málið var höfðað með ákæru, dags. 18. nóvember 1981, á hendur Eiríki Erni Stefánssyni, Goðheimum 23, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 24. mars 1956, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„I.

Sumarið 1980 keypt af Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni allt að 100 grömmum af hassi á kr. 10.000 hvert gramm og endurselt Ágúst Skarphéðinssyni allt efnið á kr. 12.000 hvert gramm. Afhendingar fóru fram í Reykjavík.

II.

Í september 1980 keypt 340 grömm af marihuana í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og kostaði efnið allt 250 bandaríska dollara. Síðan flutt efnið

til landsins. Selt nefndum Ágústi Skarphéðinssyni allt að 330 grömmum af efni á um það bil kr. 4.000 hvert gramm. Var efnið afhent heima hjá nefndum Ágústi á Laugarásvegi 67, Reykjavík.

Framangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri, svo sem áður er fram komið, er fæddur 24. mars 1956 í Reykjavík. Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1977 25/7 í Reykjavík: Sátt, 35.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Svipstur ökuleyfi í 4 mán. frá 25/7 1977.

1977 3/10 í Reykjavík: Sátt, 165.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1978 24/3 í Reykjavík: Sátt, 13.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1978 21/6 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 49. og 50. gr. umferðarlaga.

1979 6/11 í Reykjavík: Sátt, 280.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 71. gr. hegningarlaga.

1980 13/6 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarlaga.

Málsatvik

Ákæruliður I.

Sumarið 1980 keypt af Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni allt að 100 grömmum af hassi á kr. 10.000 hvert gramm og endurselt Ágústi Skarphéðinssyni allt efnið á kr. 12.000 hvert gramm. Afhendingar fóru fram í Reykjavík.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 22. október 1980 vegna háttsemi, er í þessum ákæruliði greinir. Kvað ákærði sig hafa keypt um 35-40 grömm af hassi af Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni fyrri hluta sumars 1980. Kvaðst ákærði hafa selt Ágústi Skarphéðinssyni 15 eða 20 grömm af efni á gkr. 12.000 grammið.

Nefndur Ágúst bar við lögreglufirheyrslu 18. október 1980 að hafa móttekið alls 70 grömm af hassi frá ákærða og greitt gkr. 12.000 fyrir grammið. Þá kvaðst Ágúst hafa fengið 30 grömm frá Lars Emil Árnasyni.

Ágúst Skarphéðinsson var yfirheyrður fyrir dómi 22. október 1980. Kvað Ágúst sig hafa um mánaðamótin júní-júlí 1980 hafa fyrst af ákærða keypt 50 grömm af hassi. Einum eða tveimur dögum síðar kvað Ágúst sig hafa haldið á ný til ákærða og í það skiptið hafi kunningi sinn, Lars Emil að nafni, keypt af ákærða 30 grömm. Kvað Ágúst sig hafa beðið utan dyra, meðan kaupin áttu sér stað. Nokkrum dögum síðar kvaðst nefndur Ágúst hafa haldið enn á ný til ákærða og þá keypt af honum 20 grömm af hassi.

Áður nefndur Lars Emil Árnason bar við lögreglufirheyrslu 20. október 1980 að hafa keypt 30 grömm af marihuana af ákærða. Tók nefndur Lars þann framburð til baka við lögreglufirheyrslu 23. október 1980 og kvaðst aldrei hafa keypt hass af ákærða í máli þessu.

Ágúst Skarphéðinsson var yfirheyrður fyrir dómi 23. október 1980, og kvað hann sig þá hafa keypt af ákærða 70 grömm af hassi og áður nefndur Lars Emil hafi útvegað 30 grömm. Kvað Ágúst sig þannig hafa fengið samtals 100 grömm af hassi frá ákærða.

Vegna ósamræmis í framburði ákærða og Ágústs Skarphéðinssonar varðandi magn hassefna, er Ágúst kvaðst hafa keypt af ákærða, voru nefndir aðilar samprófaðir fyrir dómi 23. október 1980. Hélt Ágúst þá fast við að hafa sjálfur keypt 70 grömm af hassi af ákærða og að áður nefndur Lars Emil hafi útvegað sér 30 grömm af hassi frá ákærða.

Ákærði kvaðst hins vegar kannast við að hafa keypt samtals 100 grömm af hassi af Bóasi D. Bergsteinssyni og kvaðst muna eftir að hafa selt Ágústi 50 grömm og síðar 30 grömm af hassi, en kannaðist ekki við að hafa afhent Lars Emil af efni þessu. Kvaðst ákærði ekki vefengja framburð Ágústs varðandi efnismagn og kvað vel geta verið, að hann hafi selt Ágústi áður nefnd 100 grömm af hassi frá Bóasi D. Bergsteinssyni.

Bóas D. Bergsteinsson var yfirheyrður hjá lögreglu 25. október 1980. Kannaðist hann þá við að hafa selt ákærða 70 grömm af hassi í mars 1980.

Ákæruliður II.

Í september 1980 keypt 340 grömm af marihuana í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, og kostaði efnið allt 250 bandaríska dollara. Síðan flutt efnið til landsins. Selt nefndum Ágústi Skarphéðinssyni allt að 300 grömmum af efninu á um það bil kr. 4.000 hvert gramm. Var efnið afhent heima hjá nefndum Ágústi á Laugarásvegi 67, Reykjavík.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 22. október 1980. Lýsti ákærði þá kaupum sínum á 340 grömmum af marihuana í New York í ágúst 1980. Kaupverð var 250 US\$. Kvaðst ákærði hafa flutt efnið hingað til lands og

selt Ágústi Skarphéðinssyni að undanskildum 10 til 15 grömmum, er ákærði tók sjálfur. Kvað ákærði Ágúst nú hafa greitt gkr. 4.000 fyrir hvert gramm. Kvað ákærði Ágúst hafa greitt sér gkr. 1.000.000 fyrir efnið.

Ágúst Skarphéðinsson bar fyrir dómi 22. október 1980 að hafa móttengið 330 grömm af marihuana af ákærða. Kvaðst Ágúst hafa selt grammið á gkr. 6.000- 7.000. Hafi síðar svo um samist milli sín og ákærða, að Ágúst skyldi skila gkr. 1.500.000 fyrir efnið, og hafi nú verið skilað gkr. 1.230.000, og samkvæmt því kvaðst Ágúst nú skulda ákærða gkr. 270 þús.

Niðurstöður.

Ákæruliður I.

Ákærði og Ágúst Skarphéðinsson voru samprófaðir fyrir dómi 23. október 1980. Kvað ákærði sig þá hafa samtals af Bóasi D. Bergsteinssyni keypt 100 grömm af hassi. Þá kvaðst ákærði muna eftir að hafa selt Ágústi í tveimur afhendingum samtals 80 grömm af hassi.

Áðurnefndur Ágúst Skarphéðinsson hefur hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa í tveimur afhendingum keypt alls 70 grömm af hassi af ákærða. Þá kvað Ágúst sig hafa fengið 30 grömm af hassi þannig, að Lars Emil Árnason hafi keypt þau af ákærða. Ágúst var ekki vitni að þeim viðskiptum, heldur kvað sig hafa bedið utan dyra, meðan meint viðskipti hafi átt sér stað.

Ákærði kvaðst við sampröfun fyrir dómi 23. október 1980 ekki muna eftir að hafa afhent nefndum Lars Emil hassefni.

Þá hefur Lars Emil neitað við lögregluþyrifirheyrslu 23. október 1980 að hafa keypt hass af ákærða.

Bóas D. Bergsteinsson kveður sig einungis hafa selt ákærða 70 grömm af hassi.

Með vísan til alls ofanritaðs telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að efnismagn það, er ákærði keypti af áðurnefndum Bóasi D. Bergsteinssyni og seldi Ágústi Skarphéðinssyni, miðist við 70 grömm af hassi.

Ákæruliður II.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í september 1980 keypt 340 grömm af marihuana í Bandaríkjum N-Ameríku og greitt alls 250 bandaríska dollara fyrir efnið. Flutt efnið hingað til lands og selt Ágústi Skarphéðinssyni allt að 330 grömmum af efninu.

Hefur ákærði móttengið gkr. 1.000.000 sem söluandvirði efnanna. Efnisafhendingar áttu sér stað á heimili Ágústs Skarphéðinssonar að Laugarásvegi 67 í Reykjavík.

Ofangreind brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Í ákæruskjali eru brot ákærða auk framangreindra ákvæða talin varða við 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir þeirri lagatiltvitnun ofaukið.

Ákærði hefur gengist undir fjórar dómssáttir hér við dóm vegna brota á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974. Eru nefndar dómssáttir frá 3. október 1977, 10. apríl 1978, 6. nóvember 1979 og 13. júní 1980. Verður við ákvörðun refsingar höfð hliðsjón bæði af 5. og 8. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Pá verður við ákvörðun refsingar höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem varðhald í 3 mánuði. Þá er ákærða gert með vísan til 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að greiða kr. 6.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Komi varðhald í 30 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, sbr. 141. gr. laga 74/1974, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Eiríkur Örn Stefánsson, fæddur 24. mars 1956, til heimilis að Goðheimum 23, Reykjavík, skal sæta varðhaldi í 3 mánuði.

Ákærði greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 6.000.00. Komi varðhald í 30 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns.